


ÞEYTI SPJALD








EFNI

- ☐ band
- ☐ málning
- ☐ viðarplata
- ☐ viðarbútur

VERKFÆRI

- ☐ bor
- ☐ borvél
- ☐ blýantur
- ☐ hringfari
- ☐ laufsög
- ☐ reglustika/
tommustokkur




1

VERKLÝSING



- Fáðu viðarbút hjá kennara
- Notaðu reglustiku og dragðu línu milli horna þannig að kross myndist.
- Miðja viðarbútsins er þar sem línurnar skarast.

2




- Settu oddinn á hringfaranum þar sem línurnar skarast og þrýstu aðeins niður.
- Stilltu arminn með blýantsendanum þannig að hann sé nálægt enda viðarbútsins.
- Dragðu nú hring með hringfaranum.



3


VERKLÝSING

- Mældu 2cm í sitthvora áttina frá miðju og borðau göt.
- Sagaðu hringinn út.
- Sverfðu brúnirnar með þjöl ef þarf og þússaðu svo með sandpappír. Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150, 240 og að lokum 320.



4

- Sagaðu trébútinn niður í tvo jafn langa búta.
- Sverfðu brúnirnar með þjöl ef þarf og þússaðu svo með sandpappír. Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150, 240 og að lokum 320.
- Borðau tvö göt á báða trébútana með 2cm langt á milli.



5

- Málaðu nú og skreyttu hringinn að eigin lyst.



6

VERKLÝSING

- Þræddu nú bandið þannig:
- fyrst í gegnum annað gatið á öðru handfanginu.
- Næst í gegnum annað gatið á þeytiðspjaldinu.
- Svo í gegnum annað gatið á hinu handfanginu og eftir það fer bandið í gegnum hitt gatið á sama handfangi.
- Þá í gegnum það gat á þeytiðspjaldinu sem ekki er búið að þræða í gegnum og að lokum gegnum seinna gatið á handfanginu sem byrjað var á.
- Nú bindurðu sterkan hnút á bandið.

